


# Nordjobb

www.nordjobb.net

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	1/3 2016
Mátsnr:	1603027
Bréfal:	382

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 19. febrúar 2016

## Efni: Nordjobb sumarstörf 2016

Nordjobb er samnorrænt verkefni sem útvegar ungu fólki á aldrinum 18-28 ára sumarvinnu og húsnæði á hinum Norðurlöndunum, ásamt því að skipuleggja fjölbreytta tómstunda- og menningardagskrá fyrir Nordjobbbara í hverju landi fyrir sig.

Fjöldi íslenskra ungmenna fær sumarvinnu á vegum Nordjobb ár hvert, en einnig hefur verið vinsælt meðal íslenskra atvinnurekenda að taka á móti hressum ungmönnum frá hinum Norðurlöndunum.

Verkefnið hefur frá árinu 1985 greitt leiðina fyrir ríflega 20.000 ungmenni til að lifa og starfa í nágrennalöndum yfir sumartímenn. Ungmennin öðlast þannig aukinn skilning á menningu frændþjóðanna og kynnast nýju tungumáli. Með því að ráða Nordjobbbara veitirðu ungu fólki einstakt tækifæri til að öðlast dýrmæta reynslu og víkka sjóndeildarhringinn.

Nordjobb óskar hér með eftir því að bæjarfélagið Hafnarfjörður taki þátt í verkefninu og ráði tvo Nordjobbbara til starfa sumarið 2016.

Virðingarfyllst,



Kristín Manúelsdóttir  
Verkefnisstjóri Nordjobb á Íslandi  
Norræna félaginu, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík  
island@nordjobb.org – s. 551 0165